

# STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1990

---

5. október 1990

1067

Nr. 387

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 344/1989, um jöfnunargjald.**

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu 2. gr. reglugerðarinnar:  
4902.1001, 4902.1009, 4902.9001 og 4902.9009.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 5. október 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

5. október 1990

Nr. 388

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 560/1989, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 18,80 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 20,55 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 6. október 1990.

*Fjármálaráðuneytið, 5. október 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*